SKILNADARÓSK

ÍSLENDÍNGA Í KAUPMANNAHÖFN

til

Herra Jústitsráds og Landsyfirrèttar - Assessors

B. THORARENSEN

þann 22ann Júní 1833.



KAUPMANNAHÖFN.
Prentud hjá Bókþrykkjara S. L. Möller.

Lag. Vi Sömænd gjör ei mange Ord.

Velkominn oss þú varst og sèrt
til vorrar Hafnar, landi!
á fósturjörd þú fremstur ert
í Fjölnirs veiga blandi;
Oss barst þad opt vid bord í sal
og brýndi hennar minníng —
oss lengi enn þad lífga skal
og lundar frama vinníng.

Forseta, Baldurs bestann son,
þèr bar frá æsku rækja,
til þín, í rètti, var þess von,
má vitra dóma sækja;
og samt þú fágar Frón á ný
med fjallavegum rèttum,
óbornir fagna ítar því
í audn, á liprum sprettum.

Velkominn sögdum varla þig,
þú vid oss skilur kæri!
burtfararkvedja bródurlig
þèr bestar óskir færi:
þèr hlæi Ísa hlídir mót
og hædstann bjódi sóma!
þig fadmi gæfa góð og skjót,
til Garðarshólma blóma!

Finn Magnúsen.